

**Nd. 503. Frumvarp til laga [170. mál]**  
um heftingu sandfoks, græðslu lands og varnir gegn gróðureyðingu.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp stór svæði sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum. Fer um þessar framkvæmdir eftir því, sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum eða fjár aflað til þeirra á annan hátt.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Hann skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hafi eftirlit með störfum hans fyrir hönd landbúnaðarráðherra.

Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands.

Sandgræðslustjóra er heimilt, þar sem nauðsyn krefur og í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að ráða sandgræðsluverði sér til aðstoðar, enda hafi þeir aflað sér starfsæfingar við þau verkleg störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra er enn fremur heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða og eftirlitsmanna sandgræðslunnar hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum og eftirlitsmönnum sínum hafa eftirlit, þar sem við verður komið, með afréttarlöndum, að því er varðar gróður og beit.

Sandgræðslustjóri nýtur enn fremur í þessu efni aðstoðar ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, héraðsráðunauta búnaðarsambandanna og annarra trúnaðarmanna landbúnaðarins, sem ber skylda til að fylgjast með því á ferðum sínum, svo sem ástæður leyfa, ef gróðri hnignar mjög í heimalöndum eða afréttum sökum ofbeitar eða land fer í örtröð.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði samkv. launalögum.

## II. KAFLI

### Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að álitu sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Áður en land er tekið til heftingar sandfoks og græðslu samkv. 1. eða 2. tölulið þessarar greinar, skal sandgræðslustjóri ásamt stjórn Búnaðarfélags Íslands leggja fyrir landbúnaðarráðherra rökstudda greinargerð og tillögur um málið, og má hvorki taka land með samningum samkv. 1. tölul. né eignarnámi samkv. 2. tölul. nema að fengnu samþykki hans.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, fræ og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landsþjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavirsgirðingar — eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þeim skal vel við haldið og þess gætt, að undirhleðsla hafi ekki bilað. Nú er skóglendi eða skjólbelti innan sandgræðslugirðingar, og skal þá girðingin fullnægja ákvæðum 16. gr. laga um skógrækt.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega hönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar eða eftirlitsmanns. Varðar það sektum, ef út af er brugðið. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er á, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða eftirlitsmanni aðvart.

10. gr.

Pegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsum samkomulagi, er svo fullgróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkið land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu samkv. 2. tölul. 6. gr., og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er landið hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því, en að honum frágengnum sveitarfélag það, er landið liggur í, og skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum þeirra jarða, sem áður nytjuðu það, eða sveitarfélagi eða sveitarfélögum, ef landið var áður í notum þeirra. Þessum aðilum skal skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því þurfa að fylgja að dómi sandgræðslustjóra, sbr. fyrri málsg. 10. gr.

12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af viðkomandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan, að framförnu mati, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu landsins og viðhaldi greiðist að  $\frac{2}{3}$  úr ríkissjóði og  $\frac{1}{3}$  af landeiganda. Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðarins, skal hann setja að veði með 1. veðrétti land það, sem girt er, eða ábyrgð hrepps eða sýslu, ef sandgræðslustjóri telur þess þörf eða ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkv. 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnot af landinu nema að fengnu leyfi sandgræðslustjóra.

Verði vanefndir á umsömdum greiðslum af hendi landeiganda, getur sandgræðslustjóri gengið að veðinu fyrir hönd rikissjóðs eða látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

13. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

14. gr.

Komist búfénaður inn á sandgræðsluvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðsluvörður eða eftirlitsmaður tilkynna það eigendum fjárens. Komist sömu skepnurnar þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslumaður eða eftirlitsmaður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðsla Íslands greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

### III. KAFLI

#### Um eftirlit með eyðingu gróðurs í heimalöndum og á afréttum.

15. gr.

Sandgræðslustjóri og starfsmenn hans, ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, hér- aðsráðunautar og aðrir trúnaðarmenn landbúnaðarins skulu fylgjast með því á ferðum sínum, sbr. 4. gr., ef gróðri hnignar í heimalöndum eða afréttum sökum ofbeitar eða af öðrum ástæðum, sömuleiðis ef land fer í örtröð, t. d. í nágrenni afréttargirðinga, svo að landspjöll og afurðatjón er yfirvofandi. Héraðsráðunautar skulu einnig fylgjast með fjölda þess búfjár, sem á afréttum gengur, svo og væn- leik þess og afurðum. Skylt er þessum starfsmönnum að gera sandgræðslustjóra viðvart, svo fljótt sem við verður komið, ef þeir verða varir við gróðurhnignun eða örtröð, sem hætta getur stafað af. Sandgræðslustjóri skal rannsaka þetta strax og ástæður leyfa. Telji hann hættu á eyðingu gróðurlendis af þessum sökum, skal hann gera tillögur til varnar því, ásamt greinargerð, og leggja fyrir stjórn Búnaðar- félags Íslands. Stjórn félagsins sendir samrit af hvoru tveggja til umráðanda þess lands, sem um er að ræða, ásamt ósk um umsögn hans um tillögur sandgræðslu- stjóra.

Að fenginni þessari umsögn og öðrum upplýsingum, er stjórn Búnaðarfélags Íslands þykir við þurfa, tekur hún ákvörðun um, hvað gera skuli.

16. gr.

Heimilt er stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða, ef þörf krefur:

1. að ítala skuli fram fara;
2. að upprekstrarfélög skuli skyld að halda uppi vörzlu við girðingar, sem fénaður af afréttum safnast við;
3. að sandgræðslan afli sér umráðaréttar yfir landinu, samkv. 6. gr., að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra;
4. að landeigendur eða umráðamenn þess lands, sem um er að ræða, myndi með sér félag um friðun og græðslu beitolandsins, samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga þessara, ef þeir kjósa það heldur en landið sé tekið samkv. fyrir- mælum 6. gr.

Nú berst stjórn Búnaðarfélags Íslands engin umsögn frá landeiganda eða umráðamanni, og skal hún þá engu að síður að liðnum hæfilegum fresti fella úrskurð um, hvað gera skuli. Heimilt er að skjóta úrskurði stjórnar Búnaðarfélags Íslands til landbúnaðarráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

#### IV. KAFLI

##### Um félög til friðunar og græðslu beitilands.

###### 17. gr.

Heimilt er sýslufélögum, sveitarfélögum eða bændum í einu eða fleiri byggðarlögum að setja sér samþykkt um að friða samfelld beitilönd, sem eru að komast í örtröð eða er í hættu að eyðist af öðrum ástæðum; enn fremur að græða örfoka sanda, mela eða aura og auka gróður til beitar á samfelldum svæðum og afréttum, þar á meðal með áburðargjöf.

###### 18. gr.

Sandgræðslustjóri skal gera í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrirmynd að samþykktum þeim, er um ræðir í 17. gr.

###### 19. gr.

Nú vilja menn stofna félag og setja sér samþykkt samkv. heimild 17. gr. og hafa leitað um það álits og tillagna sandgræðslustjóra, sem mælir með félagsstofnuninni, og skal þá boða til undirbúningsfundar á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni í samráði við sandgræðslustjóra. Nefndin skal semja uppkast að samþykkt fyrir félagið og boða til stofnfundar.

Kveðja skal til fundar þinglýsta eigendur allra þeirra jarða, er ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal þó boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Nú á félag land, og skal þá boða formann félagsstjórnar. Nú verður landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, og skal þá boða leiguliða.

Fund skal boða skriflega eða með símskeyti og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag — og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

###### 20. gr.

Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 19. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs í fasteignamat, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leiðuliði verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, skal hann teljast fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 22. gr.

Nú kemur til fundar  $\frac{1}{3}$  þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 19. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr. þessarar greinar, og má þá stofna félag, ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja.

Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er húi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 23. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

21. gr.

Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 19. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra manna, sem fund sækja, samþykkir félagsstofnun, er öllum jarðeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

22. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði æskir þess og landeigendi mótmælir eigi. Nú sækir landeigandi eigi fund og nefnir eigi til umboðsmann, og skal þá leiguliði fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leiguliða á fund.

23. gr.

Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Reikninga félags og endurskoðun.
- e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

24. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að staðfesta megi hana, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, en ella þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli sandgræðslustjóri og Búnaðarfélag Íslands með staðfestingu. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Aldrei má samþykkt brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

25. gr.

Nú hefur félag verið stofnað samkv. 17. og 21. eða 22. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

26. gr.

Aðalfund skal halda árlega og aukafundi, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þá þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.  
Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt, og skal þess getið í fundarboði.

#### 27. gr.

Nú verða eigendaskipti á jörð á félagssvæði eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, og er þá hinum nýja eiganda eða ábúanda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagismaður í stað landeiganda, getur félagssfundur kveðið svo á, að hinn nýi ábúandi gerist félagi á sama hátt og um getur í 22. gr.

#### 28. gr.

Kostnaði af starfsemi félags við græðslu sameignarlands skal jafna niður að hálfu í hlutfalli við dýrleika jarða á félagssvæðinu, samkvæmt jarðamatinu 1861, en að hálfu miðað við tölu beitarpenings. Þar sem jörðum hefur verið skipt eða nýbýli reist í landi jarða, skal gjaldinu skipt í hlutfalli við stærð hvers býlis.

Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim í eitt ár frá eindaga lögveð í jörð, og stendur það framar öllu sammingsbundnu veði.

#### 29. gr.

Land það, sem félag tekur til friðunar og græðslu samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti sandgræðslustjóra og trúnaðarmanns hans, sem ber skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrir mælum sandgræðslustjóra að því er varðar friðun og græðslu þess lands, sem hér um ræðir.

Nú byrjar upplástur að nýju, eftir að friðun og græðslu landsins er lokið að dómi sandgræðslustjóra, og fer þá um endurgræðslu þess lands samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr.

#### 30. gr.

Stjórn félags skal í lok hvers ár gera skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunauts um girðingar og landgræðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.
2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands umrætt ár. Skýrslu þessa sendir félagsstjórn sandgræðslustjóra. Þegar sandgræðslustjóri hefur yfirfarið skýrslur og reikning félagsins, sendir hann hvort tveggja ásamt athugasemdum sínum og tillögum til stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

#### 31. gr.

Félag, sem hefur það verkefni að vinna að friðun og varanlegri græðslu beiti-lands samkvæmt 17. gr., skal njóta sérstaks landgræðslustyrks úr ríkissjóði til starfsemi sinnar. Styrkurinn miðast við styrk til hliðstæðra framkvæmda samkvæmt jarðræktarlögum, þannig að styrkurinn sé í eðlilegu hlutfalli við þá styrki, miðað við vinnu og annan kostnað við ræktun lands svo og friðun og græðslu. Styrkurinn má þó aldrei vera hærri en allt að helmingi kostnaðar.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að félagið starfi samkvæmt ákvæðum laga þessara og fyrir liggja skýrslur um framkvæmdir félagsins, sem sandgræðslustjóri og stjórn Búnaðarfélags Íslands taka gildar. Styrkur til áburðardreifingar greiðist þó aðeins tvisvar á sama land.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir greiðslu landgræðslustyrks ásamt reglum um úthlutun hans skal setja með reglugerð.

32. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands annast um útreikning landgræðslustyrks til félagna og útsendingu hans.

Á jarðabætur, sem styrks njóta samkvæmt 31. gr., greiðist ekki styrkur samkvæmt jarðræktarlögum. Nú er tekið til túnræktar land, sem grætt hefur verið upp með landgræðslustyrk, og greiðist þá aðeins styrkur á þá ræktun samkvæmt jarðræktarlögum sem mismuninum á landgræðslustyrk og jarðræktarstyrk nemur.

## V. KAFLI

### Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

33. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyra undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

34. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 100—10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

36. gr.

Landbúnaðraráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

### Greinargerð.

Fyrir því þingi, sem nú er að ljúka, hefur legið frumvarp til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Landbúnaðarnefnd hefur haft frumvarp þetta til athugunar.

Eftir ýtarlega athugun á máli þessu taldi nefndin sig ekki geta mælt með frumvarpinu nema gera á því verulegar breytingar.

Þar sem komið er mjög nálægt þingslitum og fyrirsjáanlegt, að málið verður ekki afgreitt á þessu þingi, varð niðurstaða nefndarinnar sú, að ekki hefði neina þýðingu að bera fram svo víðtækar breytingartillögur sem hún taldi sig verða að gera. Þess í stað samdi nefndin frumvarp það, er hér með fylgir, og getur þá nýtt þing, sem kosið verður á næsta hausti, valið um, hvort frumvarpið það vill fremur lögfesta.

Með því að bera saman þessi tvö frumvörp geta menn gert sér grein fyrir þeim mun, sem á þeim er, og þarf ekki frekari greinargerð fyrir málinu af hálfu nefndarinnar, því að efnisatriði frumvarpsins skýra sig sjálf.

Gunnar Jóhannsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna veikinda.